




Niðurstöður starfshóps um heimilisofbeldi og heimilislausar konur og kvár með fjölþættan vanda

Samantekt og tillögur starfshóps sbr. aðgerð 30 í aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2025 til 2028

Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir og Valgerður Jónsdóttir,
mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar
Mannréttindaráð 5. mars 2026





Aðgerð 30:

Settur verði á fót starfshópur til að greina það ofbeldi sem konur og kvár sem glíma við vímuefnavanda og fólk sem er heimilislaust verður fyrir. Jafnframt setji hann fram tillögur að aðgerðum til að draga úr því ofbeldi sem þessir hópar verða fyrir.


Í starfshópnum sátu:

Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir sem leiddi hópinn,

Birna Sigurðardóttir fíknileiðbeinandi í VoR-teymi Reykjavíkurborgar,

Erna Dís Gunnardóttir aðstoðarvarðstjóri hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Valgerður Jónsdóttir var starfskona hópsins.





Tillögur starfshópsins

1. Vera með „lausa“ neyðaríbúð“ á vegum Reykjavíkurborgar

- Heimilislausir einstaklingar sem hafa orðið fyrir ofbeldi þurfa tryggt umhverfi til að ná sér á strik. Mörg dæmi eru um einstaklinga sem hafa þurft að leita til bráðamóttöku vegna ofbeldis en hafa svo ekki haft í neitt hús að venda þar sem hægt er að vera allan sólarhringinn og jafna sig. Eins og áður hefur komið fram þá getur Kvennaathvarfið ekki tekið á móti konum og kvárum sem eru að nota vímuefni.
- Ábyrgð: Velferðarsvið bæri ábyrgð á íbúðinni

2. Formfesta samstarf milli VoR-teymis og Lögreglunnar

- Samstarfið er mjög gott eins og það er núna en byggir á tengslum ákveðinna einstaklinga. Það er mikilvægt að formfesta samstarfið til þess að það sé ekki hætta á að það leggist af ef fólk t.d. hverfur til annarra starfa. Þetta væri hægt að gera með mjög einföldum hætti, t.d. með því að skrifa undir samstarfsyfirlýsingu og viðhalda sameiginlegum tengiliðalista.
- Ábyrgð: Velferðarsvið, skrifstofa í málaflokki fólks með miklar og flóknar þjónustuparfir og Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu



Tillögur framhald..

3. Styrkja upplýsingaflæði á milli Lögreglunnar, VoR-teymis og neyðarskýla

- Halda einn samráðsfund á ári þar sem fulltrúar Lögreglunnar, VoR-teymis og starfsfólk neyðarskýla kæmu saman. Fundurinn hefði það markmið að fara yfir stöðu mála, helstu breytingar í málaflokknum og hvar þurfi að skerpa á samvinnu.
- Ábyrgð: Velferðarsvið, skrifstofa í málaflokki fólks með miklar og flóknar þjónustufarir

4. Skoða möguleikana á því að Reykjavíkurborg safni tölfræðiupplýsingum um fjölda útkalla vegna heimilisofbeldis þegar heimilislaust fólk á í hlut. Byggt verði á ETHOS skilgreiningunni.

- Tölfræði gæfi skýrari mynd af stöðu mála í þessum hópi og þá væri hægt að fylgjast með því hvort breytingar verða þar á. Skýrari vitneskja um stöðu mála á að leiða til markvissari þjónustu. Skoðað verði hvort Reykjavíkurborg geti gert þetta í skráningu á þeim útköllum sem starfsfólk borgarinnar fer í vegna heimilisofbeldis þar sem kerfi lögreglunnar býður ekki upp á þennan möguleika.
- Ábyrgð: Stýrihópur Saman gegn ofbeldi í samvinnu við velferðarsvið, teymi árangurs og gæðamats á velferðarsviði



Reykjavík